

AUGLÝSING

32

19. marz

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Neskaupstað frá 28. október 1930.

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfestur eftirritaður

VIÐAUKI

við lögreglusamþykkt fyrir Neskaupstað.

Aftan við 7. gr. bætist:

„Enginn má nota skotvopn, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra, sem einnig getur svipt menn slíku leyfi“.

Viðauki þessi öðlast gildi 1. apríl 1934.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 19. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Kjartanssjóð“, útgefin á venju- **33**
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. apríl 1934. Skipulagsskráin er 9. apríl
þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kjartanssjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kjartanssjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Mariu S. Kjartansdóttur á Hofsósi, til minningar um foreldra hennar, frú Þórlaugu Björnsdóttur og Kjartan Rósenkranzson, kaupmann á Flateyri, og systkini, sem öll eru látin. Þessi systkini hennar hétu: Torfi Magnús, Guðlaug Jóna, Kristín Bergljót og Rósenkranz Páll.